

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 336/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Guðbjörgu Birnu Gunnlaugsdóttur

(Ragnar H. Hall hrl.).

Líkamsárás. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. apríl 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Ákærða krefst aðallega frávísunar ákæru og bótakröfu, en til vara sýknu af hvoru tveggja. Til þrautavara krefst ákærða vægustu refsingar, sem lög leyfa, og lækkunar bótafjárhæðar.

Krafa ákærðu um frávísun ákæru er á því byggð, að almenningshagsmunir hafi eigi krafist málsóknar gegn sér, sbr. 2. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1981. Ekki eru efni til þess að verða við þessari kröfu.

Nokkur óvissa er um tildrög þeirra atburða, sem hér um ræðir. Með framburði vitna þykir þó nægilega sannað, að ákærða hafi veitt Svandísi Gylfadóttur þá áverka, er í málinu greinir. Á það verður fallist með héraðsdómi, að óvissa um það, hvort ákærða hafi hent glasi í Svandísi eða rekið það í andlit henni, leiði ekki til þess, að áfall verði ekki dæmt. Brot ákærðu er réttilega heimfært til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Refsiákvörðun héraðsdóms verður staðfest.

Bótakröfu Svandísar Gylfadóttur verður ekki vísað frá dómi af þeim sökum, að héraðsdómari hafi farið út fyrir mörk leiðbeiningskyldu sinnar um framsetningu kröfunnar, en til hennar naut hún ekki aðstoðar lögmanns. Eftir atvikum þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þennan lið.

Ákærða skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Guðbjörg Birna Gunnlaugsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Halldórs Hall hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Njarðvíkur 4. mars 1992.

I.

Ár 1992, miðvikudaginn 4. mars, er í sakadómi Njarðvíkur, sem haldinn er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 91.2573 A.

Mál þetta, sem var dómtekið 24. f. m., var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 29. nóvember 1991, á hendur Guðbjörgu Birnu Gunnlaugsdóttur, Smiðjustíg 2, Njarðvík, kt. 311060-2449, „fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 24. ágúst 1991 í veitingahúsinu Edenborg, Hafnargötu 30, Keflavík, kastað glasi í andlit Svandísar Gylfadóttur, kt. 231169-4319, með þeim afleiðingum, að hún marðist og bólgnaði yfir hægra auga og niður á kinnbein.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta, ef þeirra verður krafist“.

Laugardaginn 24. ágúst 1991 kl. 1.56 var óskað eftir lögreglu að veitingastaðnum Edenborg, Hafnargötu 30, Keflavík, vegna stúlku, sem hafði fengið skurð á höfuð. Inni í eldhúsi veitingastaðarins hittu lögreglumenn ákærðu og systur hennar, Þórönnu, Fífumóa 5 B, Njarðvík, og sambýlisfólkið Svandísi Gylfadóttur, Reykjanesvegi 56, Njarðvík, kt. 231169-4319, og Friðrik Pétur Ragnarsson. Öll voru þau drukkin og illa viðræðuhæf vegna æsings að sögn lögreglu. Ákærða í máli þessu kvaðst aðspurð hafa verið inni á veitingastaðnum ásamt systur sinni, Þórönnu. Skyndilega hefði einhver hellt úr glasi yfir sig. Hún hefði snúið sér við, séð Svandísi og talið, að hún hefði gert það. Kvaðst hún hafa verið með glas í hendi og hent því í andlit Svandísar. Rétt eftir að þetta gerðist, hefði Friðrik komið þarna mjög æstur, „skallað“ Þórönnu og síðan gripið í úlnlið Guðbjargar Birnu með þeim afleiðingum, að ól á armbandsúri slitnaði, og einnig hafi slitnað armband og tapast. Aðspurð kvaðst Svandís ekki hafa hellt yfir Guðbjörgu

Birnu. Friðrik kvaðst ekki hafa orðið vitni að þessu, en talið, að Þóranna hefði orðið völd að meiðslum Svandísar. Hann hefði reiðst mjög, gripið í höfuð henni og „skallað“ hana í andlit. Svandís var með lítinn skurð ofan við hægra auga og sjáanlega marin að sögn lögreglunnar. Þóranna var töluvert bólgin ofan við nef. Ekki fundust vitni nema Óskar Halldórsson dyravörður. Hann kvaðst hafa orðið vitni að því, er Friðrik hefði „skallað“ Þórönnu. Hann hefði gripið í höfuð henni, öskrað: „Gerðir þú þetta?“ — og síðan „skallað“ hana, þegar hún svaraði engu.

Fram hefur verið lagt áverkavottorð Hrafnkels Óskarssonar læknis um skoðun á Svandísi Gylfadóttur 24. ágúst 1991 kl. 2.10. Við skoðun fundust ekki sár, en hins vegar mar og bólga yfir hægra auga, og Svandís var aum og bólgin niður á hægra kinnbein. Ekki sáust merki um brot á andlitsbeinum, en við athugun á sjón virtist koma fram tvísýni. Hinn 29. ágúst var mar í kringum augað (glóðarauga), en bólga á kinnbeini hafði minnkað mikið. Fram hafði komið smá-blæðing utanvert við augastein í hvítunni. Tvísýni var horfin.

Í vottorði Hrafnkels Óskarssonar læknis, dags. 13. september 1991, greinir frá því, að við innanverða neðri brún hægri augntóftar Svandísar hafi myndast allstórt örvefshersli vegna áverkans. Herslið sé til mikillar óprýði, og hjaðni það ekki með tímanum, sem gæti þó tekið nokkra mánuði, gæti síðar þurft að lagfæra þetta með skurðaðgerð. Svandís hefur upplýst, að ekki hafi reynst þörf á skurðaðgerð.

Skýrslur hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi hafa gefið ákærða, Svandís Gylfadóttir, Þóranna Gunnlaugsdóttir, Margrét Blöndal, Freyjuvöllum 10, Keflavík, og Jón Jóhann Einarsson, Borgarvegi 26, Njarðvík.

Ákærða skýrir svo frá, að hún hefði verið á barnum á veitingastaðnum Edenborg og keypt sér áfengisglas, hitt Þórönnu, systur sína, og þær gengið fram á gang við innganginn, þar sem hafi verið margt fólk. Þá hafi það gerst, að hún hafi fengið yfir sig áfengisgusu, síðan fengið högg á hægra auga. Þá hafi hún séð Svandísi Gylfadóttur og skvett áfengi á hana úr áfengisglasi, en fengið í staðinn högg frá Svandísi vinstra megin á andlit. Ákærða neitaði að hafa kastað glasinu í Svandísi og kvað fullvíst, að það hefði ekki lent framan í henni, enda hafi um hálfur metri verið á milli þeirra. Hún kveðst síðan hafa farið á snyrtiherbergið ásamt Þórönnu og lagt frá sér áfengisglasið, sem hún hafði haldið á, á klósett-kassa, og hafi um fjórðungur verið eftir í því. Svandís hafi komið í snyrtiherbergið á eftir þeim systurum, og hafi enginn áverki sést á henni. Sjálf kvaðst ákærða ekki hafa hlotið áverka af höggum Svandísar, en verið aum á gagnaugum.

Svandís Gylfadóttir kveðst hafa staðið á gangi í Edenborg framan við dyr að salernum og við útganginn og verið að ræða við Jón Jóhann Einarsson, er hellst hafi yfir sig vin. Hafi hún haldið, að ákærða hefði hellt á

sig úr glasi, og beðið hana að slaka á, en hins vegar ekki slegið hana og haldið áfram að tala við Jón Jóhann. Þá hafi hún ekki vitað fyrr en hún fékk glas á hægra auga. Vissi hún ekki, hvort því hafði verið kastað, en hins vegar verið sagt, að svo hafi verið. Ekkert annað kvað hún hafa komið fyrir, sem hefði getað valdið meiðslunum. Hún kvað ákærðu vera einu manneskjuna, sem sjáanlega hefði getað verið völd að því, sem gerðist. Hún kvað hafa sprungið fyrir við nefrótt og nokkuð blætt, en þeirri skinnsprettu verið lokað með kælingu þar á staðnum. Hún kvaðst hafa farið inn á snyrtiherbergi og kvaðst aðspurð ekki hafa séð neitt áfengisglas þar. Hún kvaðst hafa orðið þar fyrir áreitni af hálfu systranna. Eftir þetta hafi hún farið á sjúkrahús.

Þóráanna Gunnlaugsdóttir kvaðst ekki hafa orðið sjónarvottur að því, að áfengi skvettist yfir ákærðu og Svandísi. Hún kvaðst eftir á hafa heyrt, að Svandís hefði slegið ákærðu hægra megin í andlitið. Sjálf kvaðst hún hafa séð ákærðu skvetta víni yfir Svandísi, sem hafði síðan slegið ákærðu vinstra megin í andlit. Hún kvað glasið, sem ákærða skvetti úr framan í Svandísi, ekki hafa lent á andliti hennar. Þær systur fóru inn á snyrtiherbergi og Svandís á eftir þeim. Ætlaði Svandís þar að ráðast aftur á ákærðu, en Þóráanna reif í hár henni. Hún kvað ákærðu hafa lagt áfengisglasið, sem hún hafði haldið á, á vaskaborðið í snyrtiherberginu.

Margrét Blöndal kvaðst hafa staðið á gangi Edenborgar umrætt sinn. Þar hafi verið hávaðarifrildi milli Svandísar Gylfadóttur og ljóshæðrar stúlku, ákærðu. Þær hafi síðan gengið sín í hvora átt. Þá hafi ákærða skyndilega snúið sér við og skvett úr glasi, sem hún hélt á, aftan á Svandísi. Svandís hafi snúið sér við og ákærða þá um leið kastað glasinu í hana. Glasið hafi lent á hægra auga Svandísar og skoppað síðan um gólfið án þess að brotna. Hún kvað einn til tvo metra hafa verið á milli umræddra stúlkna, en sjálf hefði hún verið í tveggja til þriggja metra fjarlægð frá þeim.

Jón Jóhann Einarsson kvaðst hafa verið að tala við Svandísi Gylfadóttur á ganginum í Edenborg, þegar atvik máls þessa urðu. Þá hafi það gerst, að tvær konur (systur) hafi komið og engum togum skipt, að önnur þeirra rak glas í andlit (í auga) Svandísar, og um leið skvettist úr glasinu. Hann kvaðst hafa séð blóð á andliti Svandísar eftir þetta.

Ekki verður rakinn framburður vitna, sem gáfu skýrslur hjá rannsóknarlögreglu, en ekki þótti ástæða til að kveðja fyrir dóminn.

Með framburði ákærðu og vitna svo og læknisvottorði er sannað, að ákærða hefur í umrætt sinn kastað eða rekið glas í andlit Svandísar Gylfadóttur með þeim afleiðingum, að hún marðist og bólgnaði yfir hægra auga og niður á kinnbein. Óvissa um, hvort ákærða henti glasinu í Svandísi eða rak það framan í hana, hindrar ekki, að áfall verði dæmt, sbr. 3. mgr.

118. gr. laga nr. 74/1974. Áverkinn verður talinn ákærðu til ásetningsverks, enda mátti henni vera ljóst, að yfirgnæfandi líkur væru á, að líkamsmeiðsl hlytust af háttsemi hennar. Á hinn bóginn er ekki sannað, að Svandís hafi gefið ákærðu tilefni til atlögunnar, sem var háskasamleg, þar sem hún beindist að höfði Svandísar.

Brot ákærðu varðar hana refsingu samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Refsing ákærðu, sem hefur ekki áður sætt-refsingu, svo að kunnugt sé, þykir hæfilega ákveðin 30.000 kr. sekt, og komi varðhald tíu daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Svandís Gylfadóttir hefur gert skaðabótakröfu á hendur ákærðu:

1. Útlagður lækniskostnaður	kr. 6.420
2. Miskabætur(sársauki, óþægindi, lýti)	kr. 60.000
	<hr/>
Samtals	kr. 66.420

Ákærða hefur andmælt kröfunni.

Fyrri liður skaðabótakröfunnar er studdur kvittun sjúkrahúss og verður tekinn til greina að fullu. Við ákvörðun miskabóta er tekið tillit til óþæginda Svandísar Gylfadóttur af áberandi glóðarauga í starfi sínu á hársnyrtistofu, og þykja þær hæfilega ákvarðaðar 45.000 kr. Skaðabætur nema því samtals 51.420 krónum ásamt vöxtum, sem krafist hefur verið og greindir verða í dómsorði.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlauna Ásbjörns Jónssonar hdl., 50.000 króna.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Guðbjörg Birna Gunnlaugsdóttir, greiði sekt, 30.000 kr., í ríkissjóð, og komi varðhald tíu daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða greiði Svandísi Gylfadóttur, kt. 231169-4319, Reykjanesvegi 56, Njarðvík, skaðabætur, 51.420 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsbirtingu til greiðsludags.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Ásbjörns Jónssonar hdl., 50.000 krónur.